

Árið 2008, hinn 15. október

Adalfundur Oddafélagsins, haldinn í Odda.

Á fundinn voru komið 9.

Formaður byrjaði á að þera fundinum kveðjur frá Freysteini Sigurðssyni, Sigurði Sigurðarsyni, Eini Bjarnasyni, Helgu Þorlákssyni og Drífu Þjartardóttur, sem ekki komumst.

Formaður færði ritstjóra Guðasteins, Jóni Þórðarsyni, og Guðbjörg Arnardóttur geisláðisk með myndum frá síðustu Oddastefnu sem Skúli Sigurðarson tók.

Formaður setti fund og bað Guðbjörgu Arnardóttur að taka við fundarstjórn.

Eftirfarandi dagskrá var lögð fyrir fundinn.

A. Greinargerð formanns: Helstu aðgerðir á árinu. Starfsáætlun næsta árs.

B. Greinargerð gjaldkera: Reikningar og félagatal.

C. Umráður um greinargerð formanns og gjaldkera.

D. Kosning stjórnar og endurskoðenda.

E. Artgjöld næsta starfsárs ákveðið.

F. Sæmundarstofa.

G. Önnur mál.

A. Formaður fór yfir helstu mál félagsins. Hann ræddi um næstu Oddastefnu hvort fundurinn samþykkti að hafa hana á háskólasvæðinu í Reykjavík 23. maí 2009. Möguleg viðfangsefni gætu verið saga Odda og gullöld Odda.

Hann ræddi einnig um þá hugmynd að leita til fjögurra núlifandi Odda-presta. Var fundurinn hlynntur þessum hugmyndum.

Formaður greindi frá útgáfumálum. Hann ræddi einnig greinargerð Freysteins Sigurðssonar og Helga Þorlákssonar um Sæmundarstofu. Hann greindi frá viðræðum sínum við Áina Mathisen um „Oddaskóla“ á Helli og samvinnu við Oddafélagið. Hann sagði frá umsókninni sem hann hafði sent til fjárlaganefndar.

Beiðni um 500000.- sem myndi skiptast í annars vegar að huga að undirbúningi stofnunar deildar um allt er vaxtar Odda á Rangárvöllum og fengi mögulega inni í væntanlegum framhaldsskóla á Helli.

Hann talaði einnig um að stjórnin og félagið heldi ekki gefið upp á batlan

hugmyndir sínar um Sæmundarstofu í Odda og lét ganga uppdrátt af svæðinu, bað fundarmenn að koma með hugmyndir af mögulegri staðsetningu stofunnar. Hann þakkadi félögum ánægjulegt samstarf, fundarmönnum komuna og hvatt félagið áfram til góðra verka.

B. Gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins. Innheimta félagsgjalda á árinu voru 46.000.-, vaxtatekjur 14.664.-, tekjur því samtals 60.664.-. Gjöld félagsins voru 49.820.-. Hagnadur ársins 10.824.-. Félagið á inni á bankareikningi 124.800.-. Félagsmenn eru 87, árið 2007 voru sendir út 65 giróseðlar og hafa 46 verið greiddir. Hjón greiða einungis eitt gjald. Argjaldið er 1.000.-.

C. Jón Þórdarson vildi ítreka að hugmyndin um framhaldsskóla á Helli snérist um meira en það að efla einungis menningu í héraðinu.

Hann segist annars hlynntur þeim hugmyndum sem fram hafa komið er varda skólann.

Ólöf Kristófersdóttir taldi þrynt að byrja á rannsóknnum á svæðinu áður en hugað yrði að staðsetningu Sæmundarstofu og taldi að fornleifar myndu auka áhuga á svæðinu. Formadur tók undir orð Ólavar og lagði til hrort stjórnin ætli ekki að setja sig í samband við Kristínu Huld Sigurðardóttur forstöðumann fornleifarverndar.

Sr. Srafnir Sveinbjarnarson benti á að víða væru til fornleifafélög sem beittu sér fyrir fornleifarannsóknnum á ákrednum svæðum. Hann taldi að Oddafélagið gæti lekið slíkt að sér í héraði en taldi fyrst og fremst nauðsynlegt að byrja í Odda.

Fleiri tóku undir ábendingu Srafnis og Páll G. Björnsson vildi að stjórnin beitti sér sérstaklega fyrir þessu. Var það niðurstaða fundarins að stjórnin myndi setja sig í samband við Kristínu Huld.

Greinargerðir formanns og gjaldkera voru samþykktar samhljóða.

D. Sitjandi stjórn gaf áfram kost á sér og var hún endurskiðin með lofataki. Endurskoðandi, Sr. Srafnir Sveinbjarnarson sémulceris og Páll G. Björnsson til vara.

E. Gjaldkeri lagði til óbreytt félagsgjald og samþykkti fundurinn það.

F. Formadur ræddi lauslega áður en efndu greinargerð um Sæmundarstofu og var hún latin ganga milli fundarmanna.

G. Iris Björk Sigurðardóttir slakk upp á því að senda með næstu rukkun félags-  
gjalda yfirlit frá Jóhönnu Jóhannesdóttur þar sem hún hafði tekið  
saman erindi frá Oddafélaginu sem birst þafa frá upphafi eða 1991.

Formaður leit að álit fundarins á Oddahátíð. Fundarfolk var sammála um  
að festa ekki niður árlega Oddahátíð, enda væru Oddastefnurnar ígildi hátíðar.  
Umráðum var áfram haldið yfir kaffiveitingum sem voru í boði Héraðsnefndar.  
Fundur stílt kl. 17:30.

Guðbjörg Arnardóttir, ritari.